

Vor 2022

# Nýtt unglिंगastig, nýjar áherslur

Sprotasjóður lokaskýrsla

Styrkþegi: Málfríður Bjarnadóttir  
Ábyrgðaraðili: Rósa Ingvarsdóttir

**Nafn skóla:** Helgafellsskóli

**Nafn verkefnis:** Nýtt unglíngastíg, nýjar áherslur - Þróunarverkefni kennara og nemenda

**Nafn verkefnisstjóra:** Málfríður Bjarnadóttir

**Númer samnings og ártal:** UMS-38 2021-2022

**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Helgafellsskóli er nýr skóli í Mosfellsbæ og í fyrsta sinn skólaárið 2021-2022 verður þar unglíngastíg. Umsækjendur telja mikilvægt að nýta það tækifæri að hér verði unglíngastígið starfrækt í fyrsta sinn og hrinda því strax í framkvæmd því verkefni sem hér verður fjallað um. Ef ekki þá gætu ákveðnir kennsluhættir festst í sessi og breytingar verði erfiðari fyrir vikið.

Markmiðið þessa verkefnis er að vinna þróunarstarf með nemendum þar sem kennsla, áherslur og skólastarf er skipulagt út frá lykilhæfni og hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Námið verði því skipulagt út frá markmiðum en ekki út frá kennslubókum. Hugsunin er að skipuleggja umgjörð fyrir unglíngastígið með það að markmiði að kennsluhættir verði í takt við nútímann og framtíðina. Með því að fá nemendur til að taka þátt í skipulagi verkefnisins kynnast þeir einnig vel hæfniviðmiðum Aðalnámskrár og átta sig betur á hvers er ætlast til af þeim og hvaða hæfni er verið að meta hverju sinni. Áhersla verður lögð á samþættingu námsgreina og að nemendur hafi eitthvað að segja um sitt nám. Áhersla verður einnig lögð á fjölbreytt skil verkefna þannig ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Markmið verkefna og hæfniviðmið verða alltaf vel sýnileg svo nemendur átti sig á hvers er ætlast til af þeim. Faggreinakennarar taka höndum saman og búa til lotur þar sem námsgreinar eru samþættar en taka jafnvel mismikið pláss. Námssefninu er þá gerð góð skil í kannski 2-3 vikur og svo er farið í næstu lotu. Leitast verður við að fjalla um viðfangsefnin út frá mismunandi sjónarhornum og nemendur séu virkir í námi sínu allan tímann. Fyrst um sinn verður unglíngastígið fámennara en það verður á komandi árum. Markmiðið er því að virkja nemendur vel við skipulag verkefnisins og fá m.a. hugmyndir um hvernig þeir myndu vilja haga námi sínu, uppástungur um viðfangsefni og hvað þeir vilja læra

meira um. Þannig verða þeir virkir þátttakendur í þessu verkefni. Eins og áður kom fram verður námsefnið skipulagt út frá markmiðum/hæfniviðmiðum. Kennsluáætlanir verða skipulagðar "aftur á bak" (e. Backwards curriculum design) þar sem fyrst verða skilgreind markmið eða sú hæfni sem nemandi á að ná fram. Því næst verður námsmat ákveðið þ.e. hvernig á að meta að nemandi hafi náð þeirri hæfni og að lokum er námsefnið og kennslustundir skipulagðar. Með þessu skipulagi, samanborið við "hefðbundið" skipulag, þá eru markmiðin alltaf sýnileg bæði nemendum og kennurum. Námsmatið og kennsluefnið verður fjölbreytt og nemendur verða virkir þátttakendur. Skipulag námsáætlana vill oft verða þannig að fyrst er viðfangsefnið valið, því næst kennsluefnið og síðast námsmatið. Hér er oft stuðst við notkun kannanna eða verkefnabækur og verður námsmatið því oft hausverkur fyrir kennara því hæfniviðmiðin eru oft hengd við eftir á og erfitt er að meta hvort nemendur hafi náð þeirri hæfni með því námsmati sem lagt var fyrir. Unnið verður út frá lýðræðislegum kennsluháttum í bæði kennslu og við skipulag verkefnisins. Til þess að koma verkefninu af stað og meta það að því loknu verður notað svo kallað þjóðfundarsnið þar sem nemendur og starfsfólk tekur þátt sama í því að þróa þetta verkefni og áherslur þess. Rætt verður saman í litlum hópum út frá fyrir fram ákveðnum umræðupunktum. Mikilvægt er að vinna verkefni eins og þetta vel og nýta það að skólinn sé nýr og kennt verði á unglingsstigi í fyrsta sinn þennan vetur. Þegar taka á nýja stefnu þarf að koma kennurum vel inn í allt saman og passa að þeir fái nægilegan stuðning til að vinnan vinnuna sína og stíga út fyrir sinn þægindaramma. Ef ekki er vel staðið að breytingum er hættan sú að fólk fari aftur í gamla farið og verður því erfiðara að breyta en ella. Þess vegna verður töluverðum tíma eytt í þróun verkefna og að búa til ramma fyrir verkefni til að auðvelda kennurum að nota aftur eða aðlaga að nýjum viðfangsefnum og verkefnum næstu ár. Verkefnisstjóri mun einnig vinna náið með kennurum og leggja áherslu á þeir fái góða kennslu á þann hugbúnað og tæki sem þarf að nota með því að taka beinan þátt í kennslunni með þeim og nýta fundi á faglegan hátt með því að hafa örnámskeið eða aðra fræðslu. Auk þess verður fengin utan að komandi sérfræðiaðstoð þar sem við á.

### **Leiðir sem voru valdar til að ná markmiði:**

Verkefnisstjóri setti upp fyrstu verkefnin til að undirbúa kennara og koma þeim af stað.

Verkefninu voru hugsuð þannig að kennarar máttu taka þau og gera þau að sínum eigin og höfðu auðvitað alveg frjálsar hendur um að nota þau eða ekki. Hugmyndin var að auðvelda kennurum þessa yfirfærslu svo þeir hefðu svo beinagrindur og annað í höndunum sem þeir gætu nýtt sér áfram. Vefsíða var einnig búin til sem leiðarvísir fyrir kennara og til að aðstoða þá við að skipuleggja ný viðfangsefni og verkefni ([vmn.helgafellsskoli.is](http://vmn.helgafellsskoli.is)).

Á haustdögum var farið í heimsókn í Vallaskóla og fengin kynning á þeirra fyrirkomulagi en þau eru með það sem þeir kalla Smiðjur þar sem þau samþætta námsgreinar. Þar fengust hugmyndir, praktísk ráð og fleira til að koma okkur af stað. Í upphafi skólaárs var rætt við alla nemendur í og þeir kynntir fyrir hugmyndinni. Farið var yfir þeirra hlutverk og hvernig við myndum vilja vinna þetta með þeim. Nemendur voru kynntir fyrir Aðalnámskrá og hæfniviðmiðum og hvernig yrði unnið með þau. Leitað var til nemenda með viðfangsefni og eitt verkefni sem unnið var út frá þeirra hugmyndum var verkefnið *ég, um mig, frá mér, til mín* þar sem áherslan var á okkur sjálf, fyrirmyndir, gildi, markmiðasetningu og fleira. Markviss umræða átti sér stað við nemendur þar sem þeir voru að læra alveg ný vinnubrögð. Mikil áhersla var á endurgjöf og að hjálpa nemendum að nýta sér endurgjöf til að bæta sig. Kennarar og verkefnisstjóri hittust eftir þörfum, funduðum og skipulögðu næstu viðfangsefni. Ákveðið var að leggja áherslu á samþættingu námsgreina. Verkefnin fengu nafnið **Splæs**. Í fyrstu voru viðfangsefnin ákveðin og hæfniviðmið tengd við þau. Viðfangsefnin voru oft náttúrufræði- eða samfélagsfræðitengd og svo var íslensku, ensku, dönsku og upplýsingatækni fléttað saman við.

Farið var með nemendahópinn (8.bekk, sem var elsti árgangur 2021-2022) í vettvangsferð strax að hausti 2021. Farið var á Hvolsvöll og gist á Midgard Base Camp. Vettvangsferðin var einnig hugsuð sem hópeflisferð en líka sem námsferð þar sem var á dagskrá að vinna næst með eldgos og jarðhræringar. Því var farið í heimsókn á Lava Center á

Hvolsvelli. Verkefnin voru sett upp á Google Site síðu til þess að gera þau aðgengileg nemendum og foreldrum og til að varðveita þau áfram. Hér má sjá dæmi um verkefni: [bit.ly/gosoghraun](http://bit.ly/gosoghraun).

### **Helstu hindranir og frávik**

Upphaflega stóð til að halda nokkurs konar málþing með nemendum en frá því var horfið vegna Covid og óæskilegrar blöndunar. Það bíður betri tíma. Vegna Covid og mikilla forfalla hjá bæði nemendum og starfsfólki vannst verkefnið ekki alveg eins hratt og markvisst og við hefðum viljað en samt sem áður náðist að búa til allavega fimm lotur.

### **Ávinningur verkefnisins**

Nemendur þjálfuðust í sjálfstæðum vinnubrögðum og fóru að vera meðvitaðir um hlutverk þeirra og tilgang námsefnis. Kennarar urðu jákvæðir fyrir nýjum kennsluháttum og breyttum áherslum. Til urðu verkefni sem hægt er að nýta áfram með því að betrumbæta þau ár frá ári. Helgafellsskóli er nýr skóli og höfum við með þessum vetri náð að móta okkar stefnu og hvaða línu við viljum taka í kennsluháttum á unglíngastigi. Næstu skref verða að færa þetta niður á miðstig og yngsta stig líka.

### **Niðurstöður og mat á verkefninu**

Verkefnið tókst vel og verður góður grunnur fyrir komandi ár í Helgafellsskóla. Búið er að móta ákveðna stefnu og umgjörð sem verður svo unnin áfram næstu ár. Nemendur tóku miklum framförum í vinnubrögðum og sýndu mikið sjálfstæði og metnað. Bæði kennarar og nemendur lærðu ný vinnubrögð m.a. með því að nýta Chrome bækur og Google kerfið við vinnslu og yfirferð verkefna. Töluverður tími fór í þróun og uppsetningu verkefna en þessi verkefni er verður hægt að nýta áfram.

Við vinnu verkefnisins varð til handbók sem kennarar geta nýtt sér við smíði á verkefnum í anda verkefnamiðaðs náms (vmn.helgafellsskoli.is). Kennarar prófuðu sig áfram með mismunandi endurgjöf, sjálfsmat og jafningjamat. Markmiðið var að veita virka endurgjöf og gera nemendur meðvitaða um hvers væri ætlast til af þeim sem tókst vel með því að nýta sjálfsmat og hafa hæfnviðmiðin og undirmarkmiðin sýnileg.


Næstu ár er markmiðið að halda áfram að þróa verkefnið og vinna það áfram. Þessi vetur var gríðarlega mikilvægur til að koma öllum inn í vinnubrögðin bæði nemendum og starfsfólki. Markmiðið er að nú geti fleiri hópar innan skólans notið góðs af og tamið sér svipuð vinnubrögð.

### **Kynning á afrakstri verkefnisins**

Handbókin (vmn.helgafellsskoli.is) var kynnt fyrir öllu starfsfólki skólans. Einnig voru Splæs verkefni og hugmyndafræðin á bak við kynnt fyrir öðrum kennurum á kennarafundum.

**Dagsetning 14.06.2022**

  
Málfríður Bjarnadóttir, verkefnisstjóri

  
Rósa Ingvarsdóttir, skólastjóri



**Helgafellsskóli**